

Menntaráð

Ár 2006, 22. júní kl. 09:00 var haldinn 34. fundur menntaráðs í fundarherbergi ráðsins að Fríkirkjuvegi 1. Fundinn sátu Júlíus Vífill Ingvarsson formaður, Fanný Gunnarsdóttir, Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Oddný Sturludóttir, Stefán Jón Hafstein og Svandís Svavarsdóttir. Auk þeirra sátu fundinn Margrét Sverrisdóttir áheyrnarfulltrúi F- lista, Hólmfríður Guðjónsdóttir fulltrúi grunnskólastjóra, Sigrún Ólafsdóttir og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir frá Kennarafélagi Reykjavíkur, Alla Dóra Smith og Sigrún Sigurðardóttir, fulltrúar leikskólakennara, Svanhildur Eva Stefánsdóttir, fulltrúi samtakanna Börnin okkar og Bergþóra Valsdóttir fulltrúi SAMFOKs.

Jafnframt sátu fundinn Gerður G. Óskarsdóttir, Birna Sigurjónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Ingunn Gísladóttir og Runólfur Birgir Leifsson.

Fundargerð ritaði Laura Bergs.

Þetta gerðist:

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fyrsta fundar menntaráðs á nýju kjörtímabili og fundarmenn kynntu sig.

1. Lagt fram bréf frá skrifstofu borgarstjóra dags. 14. júní sl. um skipan stjórnar nýs menntaráðs (fskj. 1.1).
Á fundi borgarstjórnar 13. júní sl. voru eftirtaldir fulltrúar kosnir í menntaráð til loka kjörtímabilsins:

Af D lista: Júlíus Vífill Ingvarsson
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir

Af B lista: Fanný Gunnarsdóttir
Lilja Dögg Alfreðsdóttir

Af S lista: Sigrún Elsa Smáradóttir
Stefán Jón Hafstein

Af V lista: Svandís Svavarsdóttir

Varamenn:

Af D- lista: Marta Guðjónsdóttir
Áslaug Friðriksdóttir

Af B lista: Kristín Guðmundsdóttir
Sveinn Hjörtur Guðfinnsson

Af S lista: Dofri Hermannsson
Oddný Sturludóttir

Af V lista: Helga Björg Ragnarsdóttir

Formaður var kjörinn Júlíus Vífill Ingvarsson.

Áheyrnarfulltrúi F- lista í menntaráði er Margrét Sverrisdóttir.

Fanný Gunnarsdóttir var kjörin varaformaður menntaráðs.

2. Lögð fram til kynningar samþykkt fyrir menntaráð Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarstjórn 5. apríl 2005 (fskj. 2.1).
Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir samþykktinni.
Lagðar fram upplýsingar um stöðu verkefna á aðalskrifstofu Menntasviðs í júní 2006 (fskj. 2.2).
3. Lögð fram áætlun um fundardaga menntaráðs á haustönn sem verða 1. og 3. mánudagur í mánuði klukkan 10:00 – 12:00 (fskj. 3.1).

Vinnudagur menntaráðs var ákveðinn 29. september n.k.

Næsti fundur menntaráðs verður haldinn 21. ágúst nema annað verði ákveðið.

Verk- og tímaáætlun starfsáætlunar fyrir árið 2007 lögð fram (fskj. 3.2).

4. Lögð fram eftirfarandi tillaga meirihluta menntaráðs um breytingar á reglum um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík:
- Menntaráð leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar við 3. og 7. grein reglna um þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík:

I) Lagt er til að 1. málsgrein 3. greinar verði svohljóðandi:

Menntasvið getur óskað eftir að tónlistarskóli skili fjárhagsáætlun fyrir almanaksárið til Menntasviðs.

Að öðru leyti verði 3. grein óbreytt, þ.e.:

Með fjárhagsáætlun skal fylgja yfirlit yfir kennara og stjórnendur skólans þar sem fram koma m.a. upplýsingar um laun og kennslu hvers og eins. Áætluninni fylgi einnig listi yfir nemendur með lögheimili í Reykjavík og kennslustundir hvers og eins. Koma þarf fram, ef um samkennslu er að ræða, hversu margir nemendur eru saman í hópi.

Afgreiðslu frestað.

II) Í 7. grein þar sem fjallað er um úthlutun fjármagns til tónlistarskóla er lagt til að eftirfarandi falli brott:

- Þjónustukaup Reykjavíkurborgar miðast við að nemandi sé á aldrinum 4 - 25 ára, en söngnemendur upp að 27 ára aldri. Þetta ákvæði tekur ekki gildi gagnvart nemendum sem stunda tónlistarskólanám skólaárið 2004/05 fyrr en haustið 2007.
- Menntaráð getur veitt undanþágu frá þessum aldursmörkum við sérstakar aðstæður vegna einstakra nemenda að undangengnu álitni fagnefndar.
- Við útreikning á eftirspurn eftir skólavist í tónlistarskóla eru aðeins teknir með þeir nemendur sem eru á aldrinum 4 – 25 ára, en söngnemendur upp að 27 ára aldri.

Eftirfarandi ákvæði verði bætt í samninginn:

Tónlistarskólar setji sér reglur um námsframvindu og námslengd.

Samþykkt samhljóða.

Fulltrúar Samfylkingar lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar í menntaráði gera ekki athugasemd við fram komnar tillögur um breytingu á framlögum til tónlistarnáms. Reglur um hámarksaldur nemenda voru settar í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem mörg eru undir forystu Sjálfstæðismanna og aðeins hugsaðar til bráðabirgða þar til aflétt væri óvissu um framtíðarskipan framhaldsnáms í tónlist. Af sveitarfélögum í SSH hafa aldursreglur verið rýmstar í Reykjavík og með mikilvægum undanþáguákvæðum til að tryggja hæfustu nemendum aðgang að námi eftir að reglur tækju gildi árið 2007. Fulltrúar Samfylkingarinnar áréttu þá skoðun sína að málefni tónlistarskólanna verði að skoða heildstætt og flytja því tillögu þess efnis á fundi menntaráðs.

Meirihluti menntaráðs lagði fram eftirfarandi bókun:

Hámarksaldur á tónlistarnám sem settur hefur verið í þjónustusamninga Reykjavíkurborgar við tónlistarskólana er óviðunandi. Tónlistarskólastjórnendur og nemendur hafa mótmælt þessu fyrirkomulagi harðlega enda eru reglurnar í beinu ósamræmi við þá þróun undanfarinna áratuga að nemendur séu lengur í námi og afli sér víðtækari menntunar. Nemendur sem komnir eru á þrítugsaldur eru almennt á framhaldsstigi námsins þar sem allir tónlistarskólar setja stífar kröfur um námsárangur og námsframvindu. Reynslan af þeim tónlistarskólum sem kenna á framhaldsstigi sýnir að engin ástæða er til þess að ætla að þeir haldi plássi fyrir nemendur sem ekki sinna námi sínu og eru ekki í tónlistarnámi af fullri alvöru.

Fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi F- lista lögðu fram eftirfarandi tillögu vegna málefna tónlistarskóla:

Menntaráð samþykkir að lýsa yfir óánægju sinni við menntamálaráðuneytið með hve seint miðar við gerð nýrra laga um tónlistarskóla og hvetur eindregið til þess að ráðuneytið flýti þeirri vinnu sem dregist hefur úr hömlu. Ráðið leggur ennfremur áherslu á að ríkisvaldið axli ábyrgð á framhaldsnámi í tónlist eins og öðrum námsgreinum og tekur þar með undir álit bæði Sambands sveitarfélaga og Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í því efni. Óviðunandi er fyrir nemendur, tónlistarskóla og sveitarfélög að bíða í óvissu lengur um það lagalega umhverfi sem tónlistarkennsla og - nám þarf að búa við og nauðsynlegt að framtíðarstefnumótun um framhaldsnám í tónlist og tónlistarkennaramenntun verði skýrð.

Afgreiðslu frestað.

5. Lagðar fram tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna sem samþykkt var að vísa til menntaráðs á fundi borgarstjóra, borgarfulltrúa og fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna 28. mars sl. (fskj. 5.1).

Tillögurnar eru svohljóðandi:

- a) Unnið verði að bættri aðstöðu til tónlistariðkunar fyrir aldurshópin 13 – 18 ára auk þess að boðið verði upp á tónlistarval í grunnskólum Reykjavíkur.
- b) Námsefni grunnskólanna í Reykjavík verði samstillt.

Greinargerð fylgir tillögunum.

Sviðsstjóra falið að leggja drög að svari fyrir menntaráð.

6. Minnisblað sviðsstjóra um íslensku menntaverðlaunin árið 2006 sem veitt voru 7. júní sl. lagt fram til kynningar (fskj. 6.1).

Einnig var lagt fram til kynningar minnisblað frá verkefnisstjóra á grunnskólaskrifstofu um nemendaverðlaun menntaráðs sem veitt voru í Ráðhúsi Reykjavíkur 17. júní sl. (fskj. 6.2).

Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir verðlaununum.

Áheyrnarfulltrúi SAMFOKs lagði fram eftirfarandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi foreldra lýsir yfir ánægju með framkvæmd og glæsilega umgjörð um afhendingu Nemendaverðlauna menntaráðs Reykjavíkur þann 17. júní sl. Það er sérlega ánægjulegt að sífellt fleiri skólar taka þátt og gleðilegt að nemendur eru tilnefndir á margbreytilegum forsendum. Það er von áheyrnarfulltrúa foreldra að Nemendaverðlaun menntaráðs Reykjavíkur séu komin til að vera og muni áfram vera sú viðurkenning og hvatning til nemenda sem þeim var ætlað að vera.

Menntaráð tekur heilshugar undir bókun fulltrúa SAMFOKs.

7. Lagt fram minnisblað frá formanni nefndar um umgengnisverðlaun í grunnskólum skólaárið 2005 – 2006, þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum nefndarinnar (fskj. 7.1).
Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir málinu.
8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þar sem greint er frá því hvaða leik- og grunnskólar fengu Grænfánann, alþjóðlega umhverfisviðurkenningu, sl. vor (fskj. 8.1).
9. Lagður fram útdráttur úr minnisblaði forstöðumanns Námsmatsstofnunar um PISA rannsóknirnar, samanburð á niðurstöðum og hugsanlegar skýringar (fskj. 9.1).
Sviðsstjóri gerði nánari grein fyrir málinu.
10. Kynning á breytingum á lögum nr. 66/1995 um grunnskóla (fskj. 10.1).
Sviðsstjóri kynnti nánar þær breytingar sem urðu á lögnum.
Jafnframt var lagt fram minnisblað sviðsstjóra um heildarendurskoðun grunnskólalaga sem nú stendur yfir (fskj. 10.2).
11. Endurskoðun samþykktar fyrir menntaráð. Aðgreining leikskólahlutans frá menntaráði (tekið fyrir að ósk fulltrúa Samfylkingar í ráðinu).

Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi F- lista lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Tekið er undir þau rök gegn skiptingu menntaráðs sem fram koma í ályktun frá Reykjavíkurseild Félags leikskólakennara (FL) og Kennarafélagi Reykjavíkur (KFR) og lagt til að áformum um að skipta menntaráði í tvennt, leikskóla- og grunnskólaráð, verði frestað um að minnsta kosti eitt og hálf til tvö ár. Að þeim tíma liðnum fari fram mat menntaráðs á reynslunni af þeirri nýju skipan sem þegar hefur lofað góðu og ótímabært er að hafna að svo stöddu.

Afgreiðslu frestað.

Áheyrnarfulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur lagði fram ályktun frá Reykjavíkurseild Félags leikskólakennara (FL) og Kennarafélagi Reykjavíkur (KFR), dags. 21. júní 2006.

Áheyrnarfulltrúi leikskólakennara í menntaráði lagði fram eftirfarandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar leikskólakennara og Kennarafélags Reykjavíkur óska eftir að fá hið fyrsta faglegr rök fyrir þeirri pólitísku ákvörðun að kljúfa málefni leikskóla frá menntaráði.

Meirihluti menntaráðs lagði fram eftirfarandi bókun:

Aðalatriðið varðandi stjórnkerfi borgarinnar er að þjóna borgarbúum, ungum sem öldnum, á sem besta og hagkvæmasta máta.

Meirihluti borgarstjórnar vill að fjölskyldumálin og þá ekki síst málefni barna í leikskólum borgarinnar fái óskorðaða athygli.

Ótímabært er að fjalla um þessa stjórnkerfisbreytingu fyrr en hún hefur komið til faglegrar umfjöllunar í menntaráði.

Umræðu málið frestað.

Júlíus Vífill Ingvarsson
Fanný Gunnarsdóttir
Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Oddný Sturludóttir
Stefán Jón Hafstein
Svandís Svavarsdóttir.